


## ✉ Re: Umsagnarbeiðni - vikurnám á Mýrdalssandi

Búið til	27.8.2021 14:51:34
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.8.2021 14:51:33
Tilheyrir	 202108-0006 - Vikurnám á Mýrdalssandi

### Efni

Re: Umsagnarbeiðni - vikurnám á Mýrdalssandi
--

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	27.8.2021 14:51:33	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

### Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202108-0006 (SS).</p> <p>Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun dags. 11. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku á Mýrdalssandi.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og telur að í stórum dráttum fjalli hún á fullnægjandi hátt um framkvæmdina og helstu umhverfisþætti sem taka þarf tillit til. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:</p> <p>Um mjög umfangsmiklar framkvæmdir og framtíðarumsvif er að ræða sem fela í sér afar stórfellda efnistöku sem nær yfir mjög stórt áhrifasvæði á Mýrdalssandi (15,5 km<sup>2</sup> efnistökusvæði auk aðkomuvegar), töliverða uppbyggingu á móttökustað við Þorlákshöfn og mikla efnisflutninga á þjóðvegum landsins um ókomna tíð (þar sem áætlað efni er talið duga í meira en 100 ár). Svo umfangsmiklar framkvæmdir og umsvif fela óhjákvæmilega í sér margs konar umhverfisáhrif sem ber að veiga og meta vandlega áður en endanleg leyfi eru veitt fyrir þessum áformum.</p> <p>Náttúrufræðistofnun leggur fyrst og fremst mat á þá umhverfisþætti er tengjast lögbundnu hlutverki stofnunarinnar en það eru áhrif á náttúru landsins, lífríki, jarðminjar og landslag.</p>
---

Langstærsti framkvæmdaþátturinn sem mun hafa áhrif á náttúrufar er jarðrask við efnistöku en einnig geta flutningar á efni um aðkomuveg og þjóðvegi til Þorlákshafnar haft áhrif á t.d. lífríki og rask verður einnig á jarðminjum og gróðri við uppbyggingu móttökustaðar vestan við Þorlákshöfn.

Áhrif verða mest á jarðlög, enda áætlað að raska og taka burt gríðarlegu magni af vikursandi. Eins og kemur fram í matsáætluninni er vikursandurinn austan við Hafursey hreinn og gróðurhula á svæðinu er lítil og sker svæðið sig frá grónari hlutum Mýrdalssandar sunnan við Hafursey. Þó sandar finnast víða á Íslandi og um lítinn hluta af heildarflatarmáli jaðrmyndurinnar á Mýrdalssandi er að ræða þá eru sandar af þessum toga sjaldgæfar og merkar jarðminjar á heimsvísu og röskun af þessum toga mun hafa mikil áhrif á heildarmynd jarðminjanna. Víða á söndum er uppgræðsla með lúpinu og náttúruleg uppgræðsla og því gengur á þessar minjar. Þetta svæði hefur töluvert eigið gildi ekki síst því það er svo ógróið. Velta má fyrir sér hvort það hafi verið tekið tillit til þessa gildis og sérstöðu við samanburð á mögulegum efnistökusvæðum hér og erlendis, en eins og kemur fram í matsáætlun (bls. 16 og 29) voru 31 vikurnámur, þar af 14 á Íslandi, skoðaðar áður en þessi varð fyrir valinu.

Áhrif á landslag og ásýnd svæðis verða óneitanlega mikil og varanleg. Stefnt er að því að leggja mat á ásýndaráhrif með einföldum myndum og kortum. Miðað við langan áætlaðan notkunartíma námunnar verður að gera ráð fyrir aukinni umferð fólks um svæðið í framtíðinni t.d. vegna ferðaþjónustu og mikilvægt að leggja raunhæft mat á breytingar á upplifunargildi sem efnistakan mun valda.

Sömuleiðis þarf að leggja mat á ásýndar- og landslagsbreytingar og mögulegt rask á jarðminjum sem verða við uppbyggingu móttökustöðvar við Þorlákshöfn. Þar er að mestu um sandorpið hraun að ræða en það fellur undir ákvæði 61. greinar um sérstaka verndun og taka þarf tillit til þess í umhverfismatinu.

Lítið er um gróður á efnistökusvæðinu á Mýrdalssandi en engu síður stefnt að því að leggja mat á gróðurfar svæðisins sem er jákvætt. Fram kemur að mjög djúpt sé á grunnvatn sem gæti orsakað gróðurleysið. Stefnt er að því að grafa 8 metra niður við efnistöku, væntanlega því heppilegt efni nær ekki lengra niður en það. Ef svo er þá er mögulegt að jarðvegslög fyrir neðan séu heppilegri fyrir gróður, og þá verður einnig styttra í grunnvatnið. Því má reikna með gróðurfarsbreytingum á þeim svæðum þar sem efnistöku er lokið.

Fram kemur að lítið sé um fuglalíf á efnistökusvæðinu en stefnt er að því að kanna það frekar. Náttúrufræðistofnun vill benda á að einnig ætti að leggja mat á áhrif af mögulegum styrkingarframkvæmdum við aðkomuveg og aukinni framtíðarnotkun hans á fuglalíf. Skúmar hafa t.d. sést í töluverðum mæli við nýlegar athuganir á svæðinu sunnan við Hafursey, norðan við núverandi þjóðveg, skammt frá því þar sem aðkomuvegurinn liggur um, þótt skúmur hafi ekki verpt innan áætlaðs efnistökusvæðis að því best er vitað. Skúmur er á valista Náttúrufræðistofnunar fyrir fugla metinn í bráðri hættu (Válisti fugla | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>) þar sem honum hefur fækkað mikið á síðustu árum.

Að lokum má nefna það að þótt fyrirhugað námusvæði sé að hluta í vari af Hafursey og að Kötluhlaupið 1918 hafi ekki farið yfir svæðið, þá útilokar það ekki að næsta hlaup geri svo. Kötlujökull hefur hopað mikið síðan 1918 (um rúman km frá 1997-2019) og því líklegt að hlaupin komi undan honum á öðrum stöðum þegar næst gýs. Við efnistöku verða einnig landslagsbreytingar þannig að ekki er víst að svæðið standi eins hátt í samanburði við nálæg svæði og það gerir í dag. Mikilvægt er að uppbygging og starfsemi á svæðinu taki tillit til þessarar mögulegu náttúruváar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum umhverfismatsins og er tilbúin til ráðgjafar um upplýsingar varðandi náttúrufar framkvæmda- og athafnasvæða ef þörf er á.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Sigurður Ásbjörnsson - SLS" <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
**To:** "myrdalshreppur@vik.is" <myrdalshreppur@vik.is>; "sveitarstjori@vik.is" <sveitarstjori@vik.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "gunnlaugur@olfus.is" <gunnlaugur@olfus.is>; "ellidi@olfus.is" <ellidi@olfus.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "HSL" <hsl@hsl.is>; "Sigrún Guðmundsdóttir - HSL" <sigrun@hsl.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Árni Bragason - LAND" <arni.bragason@landgraedslan.is>  
**CC:**  
**Subject:** Umsagnarbeiðni - vikurnám á Mýrdalssandi  
**Date:** 11.8.2021 13:09:58

Til:

Mýrdalshrepps, Sveitarfélagsins Ölfus, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Skipulagsstofnun hefur póstlagt til ykkar meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um umfangsmikla efnistöku á Mýrdalssandi. Með tillögu að matsáætlun fylgdi umsagnarbeiðni um gögnin. Skjalið er einnig sent til ykkar í tölvupósti ef það mætti flýta fyrir vinnu ykkar. Umsagnarfrestur er til 27. ágúst nk.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (9 KB)